

Greinagerð: Víða í borgarlandinu má finna höggmyndir eða minnisvarða um þekktu karlmenn úr sögunni. Þeirra kvenna sem lögðu mark sitt á söguna er síður minnst með þessum hætti. Listasafn Reykjavíkur hefur tileiknað árið 2019 list í almannarými og því ekki úr vegi að leiðrétta þennan halla og minnast Auður í borgarlandinu.

Auður fæddist 1911 - árið sem íslenskar konur öðluðust rétt til skólagöngu, námsstyrkja og embætta til jafns við karla. Fáar konur hagnýttu réttinn fyrst um sinn en 19 ár liðu þar til fyrsta konan hóf laganám við Háskóla Íslands. Sú var vitaskuld Auður Auðuns. Auður lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1929 og var semidúx við útskrift. Auður lauk fyrst kvenna embættisprófi í lögfræði árið 1935. Hún varð fyrst kvenna til að gegna embætti borgarstjóra (1959 - 1960) og fyrst kvenna til gegna embætti ráðherra (1970-1971).